

Íbúáping í Hrísey

Íbúáping haldið í Hlein 30. apríl 2007. Á fundinn mættu Jón Ingi Cæsarsson og Jón Birgir Gunnlaugsson auk Hverfisráðs, Kristins, Lindu, Drífu, Unnsteins og Theodóru. Kristinn setti fundinn og bauð gesti velkomna. Bar upp tillögu um að Linda yrði fundarstjórnandi og Theodóra fundarritari. Það samþykkt.

Fyrst fór Jón Ingi yfir það hvernig staðardagskrá 21 er hugsuð. Hvernig Akureyrarbær ákvað að nálgast verkefnið. Kynnti okkur hvernig Akureyrarbær setti upp verkefnalista sem menn gætu unnið eftir og gert vinnuna markvissari með því.

Jón Ingi fór einnig yfir og kynnti Umhverfisátak 2007. Árangur verði kynntur 1 sinni í mánuði, og fjölmiðlar fengnir til liðs. Þannig megi ná til sem flestra og hafa þetta á jákvæðum nótum.

Jón Birgir tók undir og taldi mjög mikilvægt að fá fyrirtækin í þetta átak með góðu eða á jákvæðum nótum og árangri þyrfti að fylgja vel eftir. Hann taldi líka gott að fá fjölmiðla í liðið, það væri gott aðhald bæði fyrir bæinn og eins gott fyrir þau fyrirtæki sem stæðu sig vel því þar yrði þeirra getið.

Drífa kynnti formið á okkar staðardagskrá, sem er alveg eins og dagskráin fyrir Akureyri og verða þær felldar saman þannig að okkar kemur á eftir hinni þegar þetta verður endurútgefið. Hún sagði frá því hvernig við unnum þetta upp úr staðardagskránni sem til var síðan 2003. Sagði frá því hvaða verkefni voru kláruð og hver ekki, og þá hvernær fyrirhuguð verklok væru. Staðardagskrárdrögin okkar voru tekin fyrir í bæjarráði og samþykkt.

Nokkrar ábendingar komu frá Jóni Birgi og Jóni Inga og verða þær góðu ábendingar settar inn í dagskrána og þá fer þetta aftur fyrir bæjarráð og þaðan til bæjarstjórnar, sem vonandi samþykkir þetta svona

Tvö mál sem tekin eru fyrir í staðardagskránni eru komin í góðan farveg innan umhverfisnefndar Akureyrar. Það er kortlagning á gróðurfari í Hrísey. Og áætlun um endurbætur á göngustígum, fyrr í vetur fékk Markaðsráðið styrk frá Ferðamálastofu til verkefnisins. Jón Ingi sagði lauslega frá því hve mikið meira af landi, Lúpína og Kerfill þektu nú en fyrir átta árum. Þá voru það 6% en nú er það um það bil 11%.

Rætt um að kartöflugarður og kartöflugeymsla þyrftu að fylgjast að í vinnslu og framkvæmdum. Það væri semsagt ekki nóg að bara garðarnir væru gerðir klárir heldur þyrfti geymslan líka að vera það.

Nú var gert fundarhlé og boðið upp á matarmikla og fína grænmetissúpu ásamt heitu brauði. Hléið notað til að spjalla saman.

Eftir fundarhlé fór Jón Ingi yfir stefnumótun í sorpmálum og sorphirðu á Akureyri. Þeir eru komnir vel á veg með undirbúning að flokkun sorps.

Í lokin voru umræður um umferðarmál og hvernig umferðin hefur þróast í Hrísey. Bílum hefur fjölgað mikið og menn virðast aka hraðar en áður. Rætt um að gera hellulagðar götur í eygni að vistgötum. Þá á gangandi og hjólandi umferð réttinn en má þó ekki tefja

fyrir hinni akandi umferð að óþörfu. Fundurinn samþykkti að Hverfisráð sendi erindi til skipulagsnefndar Akureyrarbæjar þar sem farið verði fram á að gera áður nefndar götur að vistgötum. Í framhaldi af því haldi skipulagsnefnd fund í Hrísey um umferðarmál.

Íbúafingid var mjög gagnlegt og skemmtilegt, og þakkar ráðið öllum þeim sem mættu góð innlegg í umræðurnar. Það er gott fyrir Hverfisráð að heyra ofan í fólk, hvað því finnst og hvað það leggi til.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl.18.30.

Theódóra Kristjánsdóttir, fundarritari
Kristinn Fr. Árnason, formaður
Drífa Þórarinsdóttir
Linda María Ásgeirsdóttir
Unnsteinn R. Kárason